

## 8. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar, ef þrír félagar og tveir stjórnarmenn krefjast þess.

## 9. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn og einn til vara.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Enn fremur skulu kosnir tveir endurskoðendur til sama tíma.

## 10. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða bréflaga með viku fyrirvara og skal formaður kveðja stjórnina saman til funda, boða félagsfundum og aðalfundum. Aðalfundur er lögmætur, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna mæta. Hafi aðalfundur fallið niður vegna ónógrar fundarsóknar, telst næsti löglega boðaður aðalfundur lögmætur, án tillits til fundarsóknar.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosin stjórn og endurskoðendur.

Færa skal gerðabók og skal fundarritari lesa upp fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni.

## 11. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli, dælustöð og leiðslum.

## 12. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu a. m. k.  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Kirkjubæjar-klausturs, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUR

um endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni.

## 1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 71 30. desember 1963, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

## 2. gr.

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á, að notað hafi verið á dráttarvélar til búreksturs, skal endurgreiða innflutningsgjald það, sem um ræðir í 1. gr., þó þannig,

að ekki verður endurgreitt af meira benzínmagni vegna hvernar einstakrar vélar en hér segir:

20 hestafla vélar og þar yfir .....	1250	litrar	á	ári.
15—19 hestafla vélar .....	1000	—	—	—
14 hestafla vélar og þar undir .....	750	—	—	—

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á, að notað hafi verið á trillubáta til fiskveiða, enda hafi þeir verið minnst 3 mánuði á árinu að veiðum skv. úthaldsvottorði Fiskifélags Íslands. Þó skal aldrei endurgreiða af meira benzínmagni vegna hvers einstaks trillubáts en af 1250 lítrum á ári.

### 3. gr.

Hver notandi um sig sækir um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað. Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal tilgreina í beiðninni, hversu marga lítra af benzíni umsækjandi hefur alls notað á árinu. Skal þar greina, hversu mikið magn hefur verið notað á dráttarvélar til búreksturs og hversu mikið magn hefur farið til notkunar á aðrar vélar. Með beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands skal fylgja kvittaður sölureikningur. Sé sölureikningur ekki greiddur, skulu afhendingarnótur fylgja umsókn.
2. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur skal fylgja umsókn vottorð lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem inn er flutt, um innflutninginn og greiðslu innflutningsgjalds.
3. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem benzínið hefur verið notað, um að umsækjandi eigi gangfæra, benzínknúna dráttarvél, sem hann noti til búrekstrar.
4. Vottorð frá Fiskifélagi Íslands um að trillubátur hafi verið að veiðum minnst 3 mánuði á árinu og sé í gangfæru ástandi.

Ef visvitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer um það eftir 145. gr. hinna almennu hegningarlaga, svo og XXVI. kafla laganna, ef við á.

### 4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir skal senda til sýslumanna, bæjarfógeta eða hreppstjóra, í Reykjavík til lögreglustjóra, sem síðan senda beiðnir áfram til fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið sendir síðan endurgreiðslurnar til sýslumanna og bæjarfógeta, sem annast útborgun til þeirra, sem í hlut eiga.

Erindi um endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni fyrir undanfarið ár skulu vera komin til réttis lögreglustjóra fyrir 15. febrúar ár hvert. Öll slík erindi skulu hafa borizt fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15. marz ár hvert. Erindi, sem berast ráðuneytinu eftir 15. marz, koma til afgreiðslu næsta ár á eftir.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. vegalögum nr. 71 30. des. 1963 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 218 frá 15. júlí 1968.

Endurgreiðslan á árinu 1969 vegna notkunar árið 1968 skal fara eftir ákvæðum þessara reglna.

*Fjármálaráðuneytið, 9. maí 1969.*

**Magnús Jónsson.**

*Jón Sigurðsson.*